

Samþykktir

1.gr.

Félagið heitir **XXX**

2. gr.

Tilgangur félagsins er... **(hér þarf að lýsa tilgangi félagsins. Athugið að tilgangur félaga skiptir meginmáli um alla starfsemi félagsins og því nauðsynlegt að tilgreining hans sé nægilega skýr og lýsandi fyrir þá starfsemi sem félaginu er ætlað. Hér þarf einnig að taka fram að eingöngu sé um félagasamtök að ræða og enginn atvinnurekstur verði hjá félaginu).**

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að... **(hér þarf að koma lýsing á því hvernig félagið hyggst ná markmiðum sínum).**

4. gr.

Félagsaðild. **(Hér þarf að koma fram hverjir hafa rétt á að ganga í félagið og hvort takmarkanir eru á inngöngu í félagið. Athugið að ekki er hægt að hafa skylduáðild að félagasamtökum).**

5. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. ágúst ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

7.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3-8 félagsmönnum, formanni og 2 – 7 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að 8 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmariton er í höndum meirihluta stjórnar.

8.gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt **mánaðarlega/árlega (velja annað hvort).**

(Ef engin félagsgjöld eru þarf að taka hér fram hvernig félagið hyggst fjármagna starfsemi sína)

9. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið.... **(hér þarf að tilgreina hvernig hagnaði af starfsemi félagsins skal varið, t.d. í samræmi við tilgang félagsins, í þágu þriðja aðila annarra en félagsmanna sjálfra. Hér þarf einnig að taka fram að félagsmenn njóti ekki fjárhagslegs ávinnings af starfsemi félagsins).**

10. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til þeirra góðgerðarmála sem ákveðin verða á slitafundi.

Til skýringa: Markmið almennra félagasamtaka er ekki að afla félagsmönnum tekna og samrýmist það því ekki tilgangi slíkra félaga að ráðstöfun eigna við slit sé til félagsmanna sjálfra.

Hér kæmu aðrar greinar í samþykktunum sem félagið kann að vilja hafa.

Lög þessi voru samþykkt á **stofnfundi / aðalfundi (velja annað hvort)**

Dagsetning: **dd.mm.áááá.**

Hér koma eiginhandar undirritanir allra stjórnarmanna (og varamanna ef eru kosnir) .

Nöfn og kennitölur.